

Tillaga
Afgreiðsla

A 2020/UVN
Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt jafnréttis- og jafnræðisframtak

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gefa út norræna hvítbók um jafnrétti og jafnræði þar sem jafnréttisstefna á Norðurlöndum og fyrirliggjandi rannsóknir eru teknar saman og þróaðar

Bakgrunnur

Um allan heim gættir bakslags í jafnréttis- og jafnræðismálum. Trump-stjórnin hefur ráðist gegn kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindum stúlkna og kvenna. Evrópa fer heldur ekki varhluta af andróðri gegn kynjapólitík.

Jafnrétti og jafnræði eru hornsteinar hins norræna líkans og hluti af norrænum grunngildum og stuðla að efnahagslegum og samfélagslegum árangri. Um leið hefur frjósemisheilbrigði öryggistengda og strategíska þýðingu á heimsvísu.

Innra starf Norðurlanda að jafnrétti og jafnræði mótast bæði af norrænum og landsbundnum stefnum og áætlunum. Í formála núverandi [samstarfsáætlunar um jafnréttismál og hinsegin málefni](#)¹ segir eftirfarandi: „Þegar réttindi hinsegin fólks eru dregin í efa víða um heim þá stöndum við vörð um jafnrétti, jafnræði og hugmyndina um að allar manneskjur séu jafn mikils virði. Við getum ekki gengið að slíkum mannréttindum vísu og því þurfum við að standa vörð um þann árangur sem við höfum náð á Norðurlöndum.“

Sömu skilaboð er einnig að finna í [Stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum 2023–2030](#)² þar sem ráðið einsetur sér að:

„Vinna að því að lýðræði, réttarríki, jafnræði og mannréttindi séu alltaf ofarlega á alþjóðlegri dagskrá. Norðurlöndin eiga að vera í fararbroddi þegar kemur að baráttu gegn öfgahyggju, andlýðræðislegum viðhorfum, kynþáttahatri og öllum öðrum birtingarmyndum haturs og misréttis – einnig á stafrænum vettvangi.“

¹ <https://pub.norden.org/politknord2024-732/>

² <https://www.norden.org/is/node/79707>



Veita réttindum barna og kvenna og kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindum þeirra, LGBTQI-málefnum, fólki með fötlun og frumbyggjum sérstaka athygli.

Stuðla að réttindum kvenna og stúlkna að taka sjálfar ákvörðun um þungunarrof."

Framkvæmdastjórn ESB undir forystu Ursulu von der Leyen hefur hafið vinnu við nýja evrópska jafnréttisáætlun. Meðferð hennar á Evrópuþinginu hefst í byrjun árs 2026. Samkvæmt áætlunum mun framkvæmdastjórnin einnig leggja fram nýja LGBTQI-áætlun á þessu kjörtímabili.

Að mati flokkahóps miðjumanna er einmitt nú rétti tíminn til að setja viðmið fyrir norrænt jafnréttis- og jafnræðisstarf, bæði í Evrópu og á heimsvísu. Norræn hvítbók væri skýrasta leiðin til að sýna metnað Norðurlanda.

Við leggjum til að eftirfarandi mikilvæg málefni verði tekin upp í norrænni hvítbók um jafnrétti og jafnræði:

1. Sjálfsákvörðunarréttur um fóstureyðingar sem hluti af sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi
2. Samþykkisréttur og nauðgun
3. Endurskoðun evrópskrar löggjafar um viðurkenningu á ofbeldi og brotum gegn konum
4. Heilbrigðisáætlun fyrir kvensjúkdóma
5. Æskilegt fyrirkomulag foreldraorlofs
6. Stuðningur við stofnanir sem berjast fyrir og styðja réttindi kvenna og kynferðisleg réttindi
7. Jöfn laun fyrir sömu vinnu, launagagnsæi
8. Réttindi barna með sérstaka áherslu á menntun og öryggi stúlkna
9. Réttindi fólks með fötlun
10. Réttindi frumbyggja með sérstaka áherslu á tungumál og menningu sama
11. Forvarnir gegn stafrænu ofbeldi og netáreiti og vinna gegn fjölþátta áróðri sem ýtir undir karl- og kvenlægar staðalímyndir
12. Tengsl jafnréttis og sjálfbærrar þróunar sem hluti af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
13. Réttur allra til kynfræðslu og upplýsinga um kyn- og frjósemisheilbrigði

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi tillögunnar þar sem þessi málefni valda áskorunum á heimsvísu og Norðurlönd ættu að takast á við þær. Þetta veitir möguleika á að sýna fram á sameiginleg norræn gildi í jafnréttismálum, bæði heima og heiman.



Það er ósk nefndarinnar að í ofangreindum málum sé litið til allra hópa samfélagsins og lýsir sérstakri ánægju sinni með að frumbyggjar séu nefndir sérstaklega. Nefndin bendir á að jafnrétti varðar bæði konur og karlar.

Stokkhólmi, 28. október 2025

Kari Sofie Bjørnsen (H)

Eva Biaudet (sv)

Eva Lindh (S)

Ronny Aukrust (A)

Joakim Myklebost Tangen (FrP)

Søren Søndergaard (ALT)

Maaret Castrén (saml)

Hans Edvard Askjer (KrP)

Kristine Løfshus Solli (A)

Nina Fellman (sd)

Helge André Njåstad (FrP)

Lotta Johnsson Fornarve (V)

FYRIRVARI

Norrænt frelsi getur samþykkt marga punkta í tillögu um hvítbók en það er álit okkar að of mikil áhersla sé lögð á konur og að ekki sé tekið tillit til þeirrar staðreyndar að á mörgum sviðum hafa karlar orðið út undan í jafnréttisumræðunni.

Þetta á við þegar kemur að sjálfsmorðstíðni, misnotkun, heimilislausum og hættu á að verða fyrir ofbeldi. Satt er að karlar eru í meirihluta gerenda en þeir gera líka verið fórnarlömb.

Norrænt frelsi telur enn fremur að vanti að taka mið af þjóðerni og trú á tengslum við vandamál kvenna úr öðrum menningarheimum sem flust hafa til Norðurlanda og njóta oft ekki sömu réttinda og aðrar konur.

Nordisk frelsi hefði einnig viljað að vandamál karla væru tekin með, en svo hefur ekki orðið. Því getur Norrænt frelsi ekki stutt tillöguna.

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð aðhafast ekki frekar varðandi tillöguna.

Stokkhólmi, 29. október 2025

Pia Sillanpää (saf)